



182. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 3. febrúar 2011 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. Varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Helga H. Magnúsdóttir og Helgi Sigurðsson.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar var myndataka af framkvæmdastjórn ÍSÍ vegna ársskýrslu ÍSÍ. Ólafur afhenti Gunnari Bragasoni og Jóni Gesti Viggóssyni viðurkenningar vegna þátttöku þeirra í Lífshlaupinu. Forseti setti fund og stýrði honum. Hann bauð velkomna Rúnu H. Hilmarsdóttur sem nýlega lauk meistaraþrófi í upplýsingatækni á heilbrigðisviði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. Kynning á lokaritgerð til meistaraþrófs - „Íþróttapátttaka og brottfall“

Rúna H. Hilmarsdóttir kynnti niðurstöður lokaritgerðar sinnar til meistaraþrófs í upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Ritgerðin inniheldur greiningu á íþróttapátttöku barna og unglunga sem fædd eru 1990 og 1995 á árunum 1994-2009.

2. Drög að ársreikningi ÍSÍ 2010 og tillaga að fjárhagsáætlun 2011 og 2012

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ kynnti drög að ársreikningi ÍSÍ 2010 og fjárhagsáætlun 2011 og 2012.

Umræður urðu um fjárhagsáætlanirnar. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

3. Útbreiðslustyrkur til sérsambanda 2011

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu að útbreiðslustyrk til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2011.

Tillagan samþykkt.

4. Ríkisstyrkur til sérsambanda

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

5. Íþróttapening ÍSÍ – drög að tillögum

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að tillögum til Íþróttapings ÍSÍ. Jafnframt var óskað eftir hugmyndum og tillögum frá framkvæmdastjórn fyrir næsta fund. Skrifstofa sendir út eyðublöð vegna framboðs og lykildagsetningar í tengslum við þingið á allra næstu dögum. Skilafrestur á framboðum er 18. mars nk.

Helgi Sigurðsson í aðalstjórn og Þorgrímur Þráinsson í varastjórn hafa tilkynnt að þeir muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í framkvæmdastjórn.

6. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varðandi ólympísk verkefni.

EYOWF í Lieberec hefst eftir viku og mun Friðrik vera aðalfararstjóri á hátíðinni.

7. Skýrsla Vinnuhóps um innra skipulag ÍSÍ

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir skýrslu vinnuhóps um innra skipulag ÍSÍ en vinnsla skýrslunnar er á lokastigi. Nokkrar ábendingar komu frá stjórnarmönnum og mun Helga koma þeim á framfæri við vinnuhópinn.

Skýrslan verður lögð fyrir fund framkvæmdastjórnar ÍSÍ 3. mars nk.

8. Heiðursráð

Hafsteinn Pálsson lagði fram tillögu um að tekin yrði upp Afreksmerki ÍSÍ og Ólympíumerki ÍSÍ. Tillagan samþykkt og Heiðursráði falið, í samráði við framkvæmdastjóra, að láta hanna merkin. Hafsteinn lagði fram drög að nýrri útfærslu af reglugerð um svonefnda Heiðurshöll ÍSÍ. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin og að stefnt skuli að fyrstu útnefningu árið 2012 í tengslum við 100 ára afmæli ÍSÍ.

9. Heiðranir

Júdósamband Íslands hefur óskað eftir því að ÍSÍ heiðri Thor Vilhjálmsson með Gullmerki ÍSÍ vegna starfa hans í þágu júdóíþróttarinnar. Samþykkt.

10. Ný íþróttagrein

Samþykkt að viðurkenna 7 og 15 manna rugby sem íþróttagrein innan vébanda ÍSÍ. Keppt verður í 7 manna rugby á Ólympíuleikunum í Brasilíu 2016. Nú þegar hefur eitt rugbyfélag óskað eftir aðild að íþróttahreyfingunni.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 181. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 19. janúar og 27. janúar 2010
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 1. febrúar 2011
- Fræðsluviðs frá 8. desember 2011
- Laganefndar frá 1. febrúar 2011

12. Viðburðir framundan

Farið var yfir þá viðburði sem framundan eru.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 3. mars og 7. apríl nk.

14. Önnur mál

Ferðasjóður

Rætt um úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Helga Steinunn Guðmundsdóttir greindi frá því að á síðasta fundi Vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga hefði verið samþykkt áskorun á stjórn ÍSÍ um að leita allra leiða til að þurfa ekki að nýta sér heimild mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að draga kostnað vegna reksturs sjóðsins frá framlagi ríkisins. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri vinna að málinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari